

Sp.

427. Þingsályktun

[66. mál]

um könnun á tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun varðandi landbúnaðinn.

(Afgreidd frá Sp. 1. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvernig betur mætti haga tölvuvæddri upplýsingaöflun og nýtingu upplýsinga varðandi bújarðir, bústofn og framleiðslu landbúnaðarins. Nefndin skal skipuð þremur mönnum: einum tilnefndum af Hagstofu Íslands, einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands og Framleiðsluráði og einum tilnefndum af Fasteignamati ríkisins.